

# Verðlaunamyndirnar 2014

## Dómnefndir:

Einar Ólason, Brynjar Gauti Sveinsson og Jóhanna Guðrún Árnadóttir skipuðu dómnefndina sem fór í gegnum fréttamyndirnar, íþróttamyndirnar og myndraðirnar.

Gunnar Sverrisson, Baldur Kristjánsson og Hallgerður Hallgrímsdóttir sátu í dómnefndinni sem fór í gegnum tímaritamyndirnar, portrettin, daglegt líf og umhverfi.

Sameiginlega völdu dómnefndirnar svo verðlaunamyndirnar og hafði formaður dómnefndar, Sören Pagter, yfirkennari ljósmyndadeildaar danske blaðamannaskólans, þar atkvæðarétt. Hann var þar að auki dómnefndum innan handar við störfin.



Ljósmyndari:  
Sigtryggur Ari Jóhannsson

## Mynd ársins



### Umsögn dómnefndar:



Pessi mynd getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Viðfangsefnið ber traust til ljósmyndarans svo úr verður persónuleg túlkun á aðstæðum. Maðurinn er veikbyggður og viðkvæmur en augnaráð hans er grípandi og sterkt. Tómaleikinn í kringum hann sýnir þann fábrotna raunveruleika og mikla óöryggi sem hælisleitendur á Íslandi búa við.

Myndin minnir okkur á þær áskoranir sem hælisleitendur mæta í þeim löndum sem þeir leita til og hefur myndefnið því einnig skírskotun til alþjóðlegs vandamáls.

## Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:  
*Vilhelm Gunnarsson*



### Umsögn dómnefndar:

Myndin sýnir samfélagið í kring um íþróttina, samstöðu og sanna gleðistund; það sem íþróttir snúast um í grunninn. Það sem enn fremur gerir myndina heillandi er hve lengi er hægt að virða hana fyrir sér og ávallt sjá nýjan svip, nýtt atriði, nýjan vinkil.

## Daglegt líf



Ljósmyndari:  
*Ómar Óskarsson*



### Umsögn dómnefndar:

Mótsagnirnar í myndinni og ómöguleiki en jafnframt hversdagsleiki verkefnisins gera hana kómiska. Myndbyggingin er sterk og fullkominn en mannveran á myndinni er það eina sem truflar fullkomleikann.



## Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:  
*Gigja D. Einarsdóttir*



### Umsögn dómnefndar:

Uppbygging og áferð myndarinnar gefur hestinum sterkan persónuleika svo úr verður portrett af hesti. Áhorfandinn fær það sterkt á tilfinninguna að hann geti snert hestinn og jafnvel þekkt hann.

## Portrettmynd ársins




Ljósmyndari:  
*Rut Sigurðardóttir*



### Umsögn dómnefndar:

Áhorfandinn fær það á tilfinninguna að ljósmyndaranum hafi virkilega tekist að fanga persónuleika viðfangsefnisins. Augnablikid virðist raunverulegt og viðfangsefnið í sínum eigin heimi en ekki í tilbúnum og uppstiltum heimi sviðsetningarinnar.



## Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:  
Heida Helgadóttir



### Umsögn dómnefndar:

Þessi dulúðuga og forvitnilega fjallasýn sýnir okkur eðli náttúrunnar en ekki einungis útlit hennar. Tæknin hæfir efniviðnum og ýtir undir áhrif útkomunnar.

## Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:  
Sigtryggur Ari  
Jóhannesson



### Umsögn dómnefndar:

Þessi mynd getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Viðfangsefnið ber traust til ljós-myndarans svo úr verður persónuleg túlkun á aðstæðum. Maðurinn er veikþyggður og við-kvæmur en augnaráð hans er grípandi og sterkt. Tómliekinn í kringum hann sýnir þann fábrotna raunveruleika og mikla óöryggi sem hælisleitendur á Íslandi búa við. Myndin minnir okkur á þær áskoranir sem hælisleitendur mæta í þeim löndum sem þeir leita til og hefur myndefnið því einnig skírskotun til alþjóðlegs vandamáls.

## Myndröð ársins



Ljósmyndari:  
Heida Helgadóttir



### Umsögn dómnefndar:

Hér skapar ljósmyndarinn sína eigin sögu í kring um tískubransann og kemur til skila persónulegri sýn og túlkun á því sem gerist bak við tjöld tískusýninga. Ljósmyndarinn notar ljósíð á staðnum einstaklega vel svo úr verður draumur um tísku. Fagurfræðin er sterkt og hrífandi og sumar myndirnar sannir gullmolar.